



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2020
R20110360
310-1

Borgarráð

Tillaga um áframhaldandi samstarf við Iceland Naturally

Lagt er til að meðfylgjandi tillaga sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs, dags. 30. nóvember 2020, um áframhaldandi samstarf vegna markaðsverkefnisins Iceland Naturally, verði samþykkt.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs til borgarráðs, dags. 30.11.2020 ásamt fylgiskjölum.



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Áframhaldandi samstarf um Iceland Naturally

Lagt er til að Reykjavíkurborg taki áfram þátt í markaðsverkefninu Iceland Naturally í Norður-Ameríku næstu fjögur árin en síðasti samstarfssamningur um verkefnið rann út í lok árs 2019. Tilgangur verkefnisins er meðal annars að auka áhuga á Íslandi og Reykjavík sem áfangastað. Nýr samningur liggur nú tilbúinn til undirritunar og gildir til ársloka 2024. Þátttakendur geti þó sagt sig frá verkefninu með þriggja mánaða fyrirvara í lok hvers árs. Miðað er við óbreytt aðildargjald af hálfu Reykjavíkurborgar eða 55.000 USD. Gert er ráð fyrir þeirri upphæð í tillögu að fjárhagsramma menningar- og ferðamálasviðs vegna næsta árs. Íslandsstofa heldur utan um framkvæmd verkefnisins og umsýslu þess.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur undanfarin ár tekið þátt í markaðsverkefninu Iceland Naturally en með því hefur borgin haft aðgang að skipulagðri markaðssetningu íslenskra stjórnvalda og fleiri aðila í Norður-Ameríku. Aðkoma Reykjavíkurborgar hefur til að mynda verið nýtt til að kynna Reykjavík sem menningarborg og meðal annars birst í stuðningi við kynningu á reykvískum hljómsveitum undir heitinu: Reykjavík calling.

Í ljósi þess hve mikil áhersla er lögð á markaðssetningu á Reykjavík sem sjálfstæðum áfangastað í nýsamþykkttri ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar er mælt með því að Reykjavíkurborg taki áfram þátt í Iceland Naturally og nýti enn betur möguleika þess.

Ávinningurinn felst meðal annars í því að borgin hefur þar með aðgang að almannatengslafyrirtæki Iceland Naturally í Norður-Ameríku til að keyra kynningarherferð sem er í undirbúningi vegna markaðsátaks gagnvart erlendum ferðamönnum. Félagsgjald Iceland Naturally er eitt og sér lægra en það sem kosta myndi að fá almannatengslaskrifstofu í Norður-Ameríku til að vinna slíka herferð fyrir borgina. Í því samhengi er vert að benda á að verðkönnun leiddi í ljós að kostnaður við að fá almannatengslaskrifstofu til að halda utan um slíka markaðsherferð borgarinnar yrði um 10 milljónir.

Sömuleiðis getur borgin nýtt sér kanala Iceland Naturally til að koma efni út á markhópa í Norður-Ameríku með öflugri hætti en hingað til. Þetta getur verið efni sem tengist áfangastaðnum almennt en einnig efni sem tengist einstaka verkefnum eins og Tónlistarborginni og

Bókmenntaborginni.

Einnig eru fleiri hugmyndir á borði markaðsteymis Höfuðborgarstofu til að nýta verkefnið enn betur en gert hefur verið fram til þessa.

Arna Schram
sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Samningur um markaðsverkefnið Iceland Naturally dags. 10.6.2020

**SAMNINGUR
MILLI
ÍSLANDSSTOFU SES.
OG
ICELANDAIR HF.,
ICELANDIC TRADEMARK HOLDING EHF.,
REYKJAVÍKURBORG,
ISAVIA OHF.,
BLÁA LÓNIÐ HF.,
REYKA VODKA
LANDSVIRKJUN OHF.,
ICELANDIC GLACIAL INC.,
ICELANDIC PROVISIONS INC.,
ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.,
OG
ICELANDIC LAMB EHF.**

UM MARKAÐSVERKEFNI Í NORÐUR-AMERÍKU

MARKMIÐ

Markmið verkefnis er að auka vitund og eftirspurn eftir íslenskum vörum og þjónustu í Norður-Ameríku til að stuðla að auknum útflutningstekjum frá markaðssvæðinu.

FJÁRMÖGNUN

Árið 2020 mun Íslandsstofa leggja fram 60 milljónir króna (ISK) en ekki verður innheimt fjárframlag frá öðrum þátttakendum.

Þátttakendur í verkefninu og árlegt þátttökugjald þeirra frá 2021 verður eftirfarandi:
Þátttökugjald greiðist eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

Íslandsstofa	Allt að 500.000 USD
Icelandair hf	110.000 USD
Icelandic Trademark Holding ehf.	55.000 USD
Reykjavíkurborg	55.000 USD
ISAVIA ohf.	35.000 USD
Bláa Lónið hf.	35.000 USD
Reyka Vodka	35.000 USD
Landsvirkjun ohf.	35.000 USD
Icelandic Glacial	35.000 USD
Icelandic Provisions	35.000 USD
Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.	35.000 USD
Icelandic Lamb	35.000 USD

Framlag Íslandsstofu verður háð mótframlagi annarra þátttakanda og greiðist þannig að Íslandsstofa leggur til einn USD á móti hverjum USD sem aðrir þátttakendur leggja til verkefnisins.

Framlag Icelandair er 50% í formi flugmiða fyrir verkefnið og 50% í formi reiðufjár frá 2021. Icelandair mun leggja verkefninu til flugmiða fyrir allt að USD 55.000 á árinu 2020.

VERKEFNASTJÓRN

Íslandsstofa fer með daglega framkvæmd og fjármálastjórn verkefnisins og ber ábyrgð á framkvæmd verkefnisins í samvinnu við aðalræðismannsskrifstofu Íslands í New York.

Verkefnastjórn ber ábyrgð á stefnumörkun og öllum meiriháttar ákvörðunum tengdum verkefninu.

Aðilar að verkefninu skipa verkefnastjórn verkefnisins og eru aðilar að þessu samkomulagi sammála um að hún skuli skipuð með eftirfarandi hætti:

Íslandsstofa – Formaður verkefnisstjórnar

Icelandair

Icelandic Trademark Holding

Reykjavíkurborg

Utanríkisráðuneytið

Atvinnu-, nýsköpunar- og ferðamálaráðuneytið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Tvö sæti skiptast á milli annarra þátttakenda til tveggja ára í senn.

FORSENDUR VERKEFNIS

Íslandsstofa gerir þennan samning með vísan til þjónustusamnings um starfsemi Íslandsstofu sem er í gildi milli Íslandsstofu og Utanríkisráðuneytisins og Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytisins sem undirritaður var 26. febrúar 2020.

LOK VERKEFNIS

Starfstími verkefnisins mun vera frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2024.

Þátttakendur geta sagt sig frá verkefninu með þriggja mánaða fyrirvara í lok hvers árs.

Reykjavík 10. júní 2020

SAMNINGUR STAÐFESTUR

Pétur Óskarsson
F.h. Íslandsstofu.,

Birna Ósk Einarsdóttir

Birna Ósk Einarsdóttir
F.h. Icelandair hf.,

Sara Lind Þrúðardóttir
F.h. Icelandic Trademark Holding ehf.,

Arna Schram
F.h. Reykjavíkurborgar.,

Elín Árnadóttir

Elín Árnadóttir
F.h. ISAVIA ohf.,

Grímur Sæmundsen

Grímur Sæmundsen
F.h. Bláa Lónið hf.,

Mary-Jade Hynes

Mary-Jade Hynes
F.h. Reyka Vodka.,

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir

Haraldur Hallgrímsson
F.h. Landsvirkjunar ohf.,

Jon Olafsson

Jón Ólafsson
F.h. Icelandic Glacial.,

Molly Provisions

Molly Peterson

F.h. Icelandic Provisions.,

Andri Þór Guðmundsson

F.h. Ölgerðinnar Egils Skallagrímssonar hf.,

Hafliði Halldórsson

Hafliði Halldórsson

F.h. Icelandic Lamb ehf.,

Signature: 
Birna Ósk Einarsson (Jun 25, 2020 10:36 GMT)
Email: birnaosk@icelandair.is

Signature:
Email:

Signature: 
Elín Arnadóttir (Jun 26, 2020 08:44 GMT)
Email: elin.arnadottir@isavia.is

Signature: 
Grímur Sæmundsen (Sep 9, 2020 19:01 GMT)
Email: grimur@bluelagoon.is

Signature: 
Mary-Jade Hynes (Jun 24, 2020 10:57 EDT)
Email: mary-jade.hynes@wgrant.com

Signature: 
Stefania Guðrún Halldórsdóttir (Aug 28, 2020 13:13 GMT)
Email: Stefania.Gudrun.Halldorsdottir@landsvirkjun.cc

Signature: 
Jon Olafsson (Aug 7, 2020 18:20 GMT+1)
Email: jon@iwh.is

Signature: 
Molly Provisions (Jun 24, 2020 11:34 EDT)
Email: molly.peterson@icelandic-provisions.com

Signature:
Email:

Signature: 
Haflíði Halldórsson (Jun 24, 2020 14:51 GMT)
Email: haflidi@icelandiclamb.is